

Erindi flutt á ráðstefnunni „*Staða og völd kvenna í stjórnámálum og atvinnulífi á Vestur-Norðurlöndum*“ sem haldin var í boði forseta Alþingis, 7. júní 2010 í Þjóðmenningarhúsinu.

Auður Styrkárstöttir, forstöðukona Kvennasögusafns Íslands:

Staða kvenna á Alþingi

Kæru gestir.

Ég vil byrja á því að lýsa yfir ánægju minni með því að vera boðið að halda þetta erindi um konur á Alþingi. Ég ætla að byrja á því að kynna aðeins verkefnið *Kyn og völd* sem Norræna ráðherranefndin setti það af stað árið 2007 og skilaði niðurstöðum á ráðstefnu sem var haldin hér í Reykjavík í október 2009.

Einhverjar ykkar sem hér eru staddar voru eflaust á þeirri ráðstefnu.

Markmiðið með því að taka saman þetta efni var meðal annars að kanna hvort tiltekna upplýsingar um stjórnámál og efnahagslíf væru aðgengilegar á Norðurlöndunum í samanburðarhæfu formi. Það var mikil ánægja að sjá að bæði Færeyjar og Grænland eru með í skýrslunni, þótt enginn frá þessum löndum hafi sótt fundi rannsóknarhópsins eða verið með í kynningu á niðurstöðunum. Það er mjög erfitt að nálgast hagtölur um þessi lönd – á öðrum tungumálum en þeirri sem heimamenn tala a.m.k. - og þess vegna er efnið í skýrslunni þeim mun kærkomnara.

Skýrslan hefur nú verið gefin út í prentuðu formi en hana má einnig nálgast á vef Norrænu ráðherranefndarinnar sem hér sést. Í fyrri hluta skýrslunnar, Del I, er að finna skýrslurnar frá öllum löndunum og hér má sjá kaflana með íslensku skýrslunum og þeirri færeysku og grænlensku. Ég og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands, unnum íslensku skýrslurnar tvær sem fjölluðu annars vegar um stöðuna í stjórnámálum og hins vegar um stöðuna í viðskiptalífinu. Karin Jóhanna L. Knudsen tók saman færeysku skýrsluna, og MarieKathrine Poppel og Janus Chemnitz Kleist tóku saman skýrsluna um Grænland.

Sá hluti rannsóknarinnar sem beindist að stjórnámálum náði yfir tímabilið 1995-2008/09 og tölum um hlut kvenna var safnað um stjórnámálaflokka, Alþingi – þingmenn og frambjóðendur – ráðuneytin, utanríkisþjónustan, bæjar- og sveitarstjórnir, og forsetaembættið. Sambærilegum tölum var safnað frá hinum Norðurlöndunum ásamt Færeyjum og Grænlandi.

Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð voru gerðar valdarannsóknir á síðasta áratug síðustu aldar, en hvorki í Finnlandi né á Íslandi – og ekki á Grænlandi eða í Færeyjum. Markmið rannsóknarinnar var í og með að fá fram sambærilegar tölur frá þeim löndum sem ekki höfðu gert valdarannsóknir og bæta við nýjustu tölum hjá hinum löndunum.

Íslenskar konur fengu kosningarétt í júní árið 1915, en þá með þeim sérkennilegu skilyrðum að vera orðnar 40 ára eða eldri. Þetta ákvæði er einsdæmi í heiminum og erfitt að sjá hvaðan íslenskum þingmönnum kom þessi hugmynd, en hún kom ekki frá Danmörku. Árið 1920 breytti Alþingi þessum lögum og var það gert í framhaldi af sambandslagasamningum við Danmörku. Fyrsta konan var hins vegar ekki kjörin á þing fyrr en árið 1922 og var það Ingibjörg H. Bjarnason sem við sjáum hér á mynd. Þegar Ingibjörg settist á þing varð hlutur kvenna á þingi 2%. Allt fram til ársins 1971 sat ýmist ein kona eða tvær á þingi, og jafnvel engin, en árið 1971 voru þrjár konur kjörnar á þing og fór hlutur kvenna þá upp í 5 prósent.

Árið 1983 tók hlutur kvenna stóran kipp og hefur verið uppávið síðan. Í síðustu kosningum, sem voru haldnar fyrir ári síðan, varð hlutur kvenna 43 prósent. Þennan skyndilega og góða árangur kvenna má þakka sérstökum kvennalista sem kom þá fram.

Kvennalistar eiga sér langa sögu á Íslandi. Fyrstu konurnar í bæjarstjórn Reykjavíkur voru kjörnar af kvennalista árið 1908. Fyrsta konan var kjörin á þing árið 1922 af sérstökum kvennalista sem kvenfélögin í landinu báru fram. Bæði hún og aðrar konur litu á hana sem sérstakan fulltrúa kvenna á þingi sem átti að koma að áhugamálum kvenna. Hún sat til ársins 1930, en þá fyrst var kjörin á þing kona fyrir stjórnmalaflokk. Hlutur kvenna á Alþingi tók ekki kipp aftur fyrr en árið 1983, eins og ég nefndi hér áðan, en þá kom einmitt fram kvennalisti aftur. Þrjár konur voru kjörnar á þing fyrir þann lista. Stjórnmalaflokkarnir brugðust við með því að bjóða fram fleiri konur og hlutur kvenna fór vaxandi næstu árin. Árið 2008 varð hér efnahagslegt hrun eins og kunnugt er og í kosningunum vorið 2009 var sú krafa mjög sterk að konum fjölgaði á þingi og í stjórnunarstöðum. Þetta hafði þau áhrif að konum fjölgaði mjög á þingi og urðu 43% þingmanna. – Það má eiginlega segja að hér á landi hafi þurft að hrista rækilega til í kerfinu til þess að hlutur kvenna færi vaxandi – og hér hef ég líkt þessu við hamfarir í náttúrunni eins og eldgos.

Það er niðurstaða allra þeirra sem rannsakað hafa hlut kvenna í stjórnámálum og áhrif þeirra á stjórnmalin, að það skipti mjög miklu máli að konur hafi þar áhrif. Þegar fyrsta konan settist inn á Alþingi 1922 kom hún þangað sem fulltrúi kvenna og hún vann einkum að þeim málum sem konur og kvennasamtök voru að berjast fyrir á þeim árum og má hér nefna byggingu landspítala sem helsta baráttumálið. Hið sama má segja með þær konur sem komu þar á eftir; þótt þær væru ekki kjörnar af sérstökum kvennalistum þá voru þá fengnar inn á lista vegna tengsla þeirra við kvenfélögin og kvennabaráttuna í landinu. Á þingi hafa konur á öllum tímum beitt sér fyrir málum sem skipta konur máli, svo sem sérstökum réttindum kvenna og barna, en þetta eru mál sem virðast karlmönnum síður hugleikin – af hvaða ástæðum sem það nú er. Eftir að konum fór að fjölga á Alþingi fjölgaði mjög þeim málum sem þar voru rædd; sérstaklega málum sem voru hálfgerð tabú áður fyrr. Hér má nefna mál eins og sífjaspell, ofbeldi gegn börnum, heimilisofbeldi, mansal og fleiri slík mál sem bitna á konum og börnum en karlmenn eru gerendur í miklum meirihluta. Þetta eru mál sem karlar ræddu ógjarnan í þingsölum en með komu kvenna varð mikil breyting á.

Það er oft nefnt að kosningakerfin, einkum þó kjördæmaskipan, stærð og fjöldi geti haft áhrif á hlut kvenna í stjórnámálum. Ef við horfum á þróunina á Íslandi sem dæmi þá var og hefur það ætíð verið svo að í Reykjavík, fjölmennasta kjördæminu og sveitarfélaginu, hafa konur alltaf verið hlutfallslega fleiri en í öðrum kjördæmum og sveitarfélögum. Það má eiginlega segja að því stærra sem sveitarfélagið er og því þéttbýlla kjördæmið, því fleiri konur hafi verið og séu kjörnar. Margir rannsakendur benda á að lönd þar sem meirihlutakosning er við lýði eru færri konur á þingi heldur en lönd með hlutfallskosningu. Hér eru Bretland og Bandaríkin gjarnan nefnd sem dæmi, en í báðum löndum eru einmenningskjördæmi og hlutfall kvenna á þjóðþingum beggja afar lágt. Þetta er sett í samhengi við samkeppnina: þar sem sætin séu fá þar sé samkeppnin hörð og því líklegra að konur komist ekki að – eða sé ekki hleypt að.

Stjórn málafræðingar sem rannsakað hafa þetta mál ofan í kjölinn, og ég vil hér nefna Richard Maitland sem gerði ítarlega rannsókn í Noregi, hafa komist að því að stærð eða smæð kjördæmanna/eða sveitarfélaganna séu ekki örlagavaldar um fjölda kvenna. Það er hins vegar stærð flokksins sem skiptir verulegu máli. Litlir flokkar með fáa fulltrúa hafa fremur tilhneigingu til að senda karlmann á

þing eða í sveitarstjórn heldur en konu. Richard Maitland komst að þeirri niðurstöðu í sinni rannsókn í Noregi (1993) að betra væri að skoða hvernig flokkarnir fara að því að velja sína frambjóðendur. Og þar erum við komin að kjarnanum, sem eru stjórn málaflokkarnir – það eru þeir sem bjóða fram.

Ein af meginniðurstöðum skýrslunnar *Kön og magt* er að þrýstingur kvennasamtaka, innan og utan stjórn málaflokka, og kröfur um aðgerðir í kvennapólitískum málum og um að auka hlut kvenna skipti höfuðmáli í því að fjölga konum í stjórn málalífi á norðurlöndunum. Með þeim samtakamætti hefur konum tekist að fá stjórn málaflokka til að fjölga konum á listum sínum og í öruggum sætum – og að taka fyrir mál sem snerta jafnrétti karla og kvenna og mál sem eru konum hugleikin en körlum minna. Fjölgun kvenna hefur oft orðið með þeim hætti að flokkar hafa tekið upp kvóta við skipan á framboðslista og þeir sem lengst ganga hafa tekið upp fléttulista þar sem karl og kona víxla sætum. Þetta gildir um Jafnaðarmannaflokkinn í Svíþjóð og Vinstri græn á Íslandi.

Ég tók eftir því þegar ég las skýrslu Karin Jóhönnu L. Knudsen úr verkefninu *Kön og makt* frá Færeyjum að í Færeyjum virðast einhver skil hafa orðið við og eftir kosningarnar 1983, en þá óx hlutur kvenna á lögþinginu úr 3 prósentum í 9 prósent. Óluva Klettskarð segir í grein sinni í ritinu *Lögtingið 150* (bls. 174) að þátttaka færeyskra kvenna á Nordisk forum í Osló vorið 1988 hafi haft bein og óbein áhrif á að fleiri konum var stillt upp í framboð hjá flokkunum í öruggari sætum í kosningunum um haustið. Á undan og samhliða skeði ýmislegt: Javnstøðunevnd hafði verið skipuð árið 1981. Færeyskar konur boðuðu til Kvennaþinga (Kvinnuting) á árunum 1979-1983 þar sem jafnréttis var krafist og farið yfir mál sem talin voru varða færeyskar konur sérstaklega. Kvennalistar eru ekki óþekktir í Færeyjum, sá fyrsti var borinn fram árið 1954 í Þórhöfn – og ljóst af þeim að færeyskar konur voru tilbúnar til aðgerða ef ekki yrði á þær hlustað. Allt þetta hefur eflaust ýtt á flokkana með að fá fleiri konur í framboð.

Á Grænlandi fjölgaði konum í kosningunum 2002 allt í einu úr 19 prósentum í 35 prósent. Árið 2002 var borinn fram kvennalisti í Grænlandi – Arnar Partiat – sem hafði á stefnuskrá að konum fjölgaði á stjórn málasviðinu, bæði á landsvísu og í sveitarstjórnnum. Flokkurinn fékk að vísu lítið fylgi og engan fulltrúa í kosningunum 2002, og kvennalisti hefur ekki verið borinn fram aftur. Mér finnst hins vegar líklegt að stofnun flokksins og framboð hafi ýtt undir að aðrir flokkar

tæku fleiri konur á lista sína, eins og raunin varð á Íslandi þegar kvennalisti kom fram árið 1983. Gömlu flokkarnir brugðust við í næstu kosningum með því að fjölga konum í öruggum sætum.

Öll löndin þrjú, Ísland, Færeyjar og Grænland eiga það sameiginlegt að öflug kvennahreyfing hefur verið starfandi um nokkurra áratuga skeið, jafnvel margra áratuga skeið, eins og á Íslandi. Krafa kvennahreyfinga um jafnrétti kynjanna og eðlilega hlutdeild kvenna í stjórnámálum landanna hefur verið sterk mjög lengi, og samvinna kvennahreyfinga landanna þriggja gegnum Norðurlandaráð hefur tengt þær sterkum böndum og reynst góður vettvangur til að miðla hugmyndum og reynslu.

Í Færeyjum var árið 2008 kosið í fyrsta sinn eftir nýrri kjördæmaskipan sem fólst í því að landið er nú eitt kjördæmi – nokkuð sem margir hafa fleygt fram í umræðu á Íslandi sem nánast töfralausn á því að fjölga konum á Alþingi og gott ef ekki leysa flestan okkar pólitíska vanda. Færeyskum þingkonum fjölgaði um tvær í kosningunni 2008, þær urðu 5 í stað 3ja. Sennilega er of snemmt að segja til um hvort kjördæmabreytingin skilar árangri. En það er annað „kerfisatriði“ sem kann að hafa meiri áhrif á hlut kvenna á þingi heldur en kjördæmaskipanin. Það er persónukosning í Færeyjum en mér tókst ekki að afla mér upplýsinga um það hvernig nákvæmlega er kosið í Færeyjum og atkvæði talin. Ég tók þó eftir því í skýrslu Karin Jóhönnu L. Knudsen í *Køn og magt* – verkefninu að kvenframbjóðendur hafi minni aðgang að fjármagni til að kosta kosningabaráttuna. Í ljósi upplýsinga frá Íslandi um hvað frambjóðendur hér á landi virðast hafa verið orðnir nátengdir fjármálalífinu með styrkjum til kosningabaráttunnar, hrökk ég dálítið við að lesa þetta. Alla vega er þetta nokkuð sem ég myndi vilja kanna nánar – og ég hlakka til að heyra erindi Beinta í Jakupsstovu hér á eftir, og einnig erindi MarieKatrine Poppel.

Að lokum þetta: Við skulum ávallt hafa í huga að stjórnámál eru af manna völdum – og það eru flokkar sem bjóða fram en ekki kerfin. Kerfin geta vissulega verið til trafala, en fjöldi kvenna í framboði hjá sérhverjum stjórnámálaflokki er vissulega hans ábyrgð og ekki annarra. Það er niðurstaða skýrslunnar *Kön og magt* að stjórnámálaflokkar séu í lykilhlotverki hvað varðar hlut kvenna í stjórnámálum. Konur verða því að halda áfram þrýstingi á flokkana - og ávallt að muna að það gerir enginn annar.